



PVG2A03 – Plastviðgerðir

Námsáætlun, vorönn 2024

Kennari/kennarar:

Birgir Örn Guðmundsson

Netfang/netföng:

birgir.gudmundsson@borgo.is

Lýsing:

Farið er yfir efnauppbyggingu hitaþrastra og hitadeigra plastefna. Æfðar greiningar á plastefnum. Æfðar ýmsar suðuaðferðir, límingar, spörslun, munstrun og greiningu bæði á nýju efni og ökutækjahlutum. Kynntir möguleikar við mótun plastefna við smíði hluta í yfirbyggingar ökutækja. Áhersla er lögð á að kynna hættur af reyk og uppgufun efna í plastviðgerðum.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Efnauppbyggingu hitaþrastra og hitadeigra plastefna.
- Möguleikum við mótun plastefna við smíði hluta í yfirbyggingar ökutækja.
- Hættum af reyk og uppgufun efna í plastviðgerðum
- Möguleikum við að sjóða og líma plastefni
- Að Sparsla og munstra plastefni

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leiki við:

- Að sjóða mismunandi plastefni
- Að líma mismunandi plastefni
- Að greina mismunandi plastefni
- Gera við plast með hita
- Sparsla í plast og munstra

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Velja þau tæki, tæknibúnað og verkfæri sem eiga við hverju sinni.
- Velja viðgerðaraðferð eftir eðli efnisins
- Geta framkvæmt viðgerð á plasthlutum
- Greina plast og raða því í undir og yfir flokka
- Nota viðeigandi persónuvarnir.

Námsmat:**Vægi: Verklegt mat: 65%**

Hér er metið hversu vel nemandi vinnur öll sín verk af hendi.

Skriflegt mat: 25%

Nemandi skilar inn dagbók/skýrslu um verkefnið og þekkingarmat.

Þátttaka og Virkni 10%

Nemandi er metinn eftir því hvernig hann sinnir námi, hversu vel hann skilar tilætluðu vinnuframlagi. Undir þennan þátt falla atriði eins og framtakssemi, áhugasemi og hversu vel nemandi fylgir fyrirmælum kennara

Námsmat:

Símat. Verkefni sem tengjast þekkingar, leiki og hæfniviðmiðum áfangans verða lögð fyrir og metin.

Námsgögn:

Námsgögn inn á Innu og hjá kennara

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur verða að skila inn öllum námsþáttum til að eiga möguleika á að standast áfangann. Ekki er hægt að skila inn verkefnum eftir að skilafrestur rennur út.

Nemendur verða að fá að lámarki 5.0 í öllum verkefnum til að standast áfangann

Mætingar eru samkvæmt mætingarreglum skólans og er lágmarks viðvera 80% svo nemandi standist kröfur lotunnar.

- Fyrstu 10 mínútur tíma gefa S í kladda eftir fyrstu 10 mín er gefið F í kladda.
- Kennsla fyrir hádegi hefst klukkan 8:10 alla daga nema fimmtudaga en þá hefst kennsla kl 9:15
- Kennsla eftir hádegi hefst kl 13:00
- Almennt er tekið hlé kl 10:00 fyrir hádegi en kl 14:30 eftir hádegi hléið er 30.min.
- Athugið að fjarvistir eru skráðar strax eftir hlé líka!

Ef nemandi kemur of seint og vinna er hafin á verkstæði skal nemandi gera kennara viðvart til að mæting skráist rétt.

Athugið að neysla matvæla er ekki heimil í skólastofu. Notið matsal til að neyta matar.

Nemendur sem hreyfa bíla í tengslum við nám í skólanum skulu hafa gilt ökuskírteini.

Nemendur þurfa að fylgja öryggisreglum á verkstæði og nota viðeigandi hlífðarfatnað og búnað sem við á.

Vinnufatnaður sem nemandi þarf að koma með;

- Vinnufatnað frá skólanum með „BÍLAR“ merkingu skal ávallt vera sýnilegur í námi í verknámshúsi. (á að vera ystur fata)
- Öryggisskó, kolagríma og hanska.

Nemendur yfirgefa ekki kennslusvæði nema láta kennara vita.

Nemendur bera virðingu fyrir verkfærum, þrifa og ganga frá verkfærum þar sem þau eiga að vera.



Í lok kennslustundar þrifa nemendur vinnusvæði.

Dagur	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	Kynning á áfanga, farið yfir verkefni. Byrjað á verkefnum.	
	Greining á plasti	
	Plastsuða og slípun	
	Plastsuða og slípun	
5	Plastsuða, slípun og spörslun	
	Plastsuða, slípun og spörslun	
	Plastsuða, slípun spörslun og munstrun	
	Plastsuða, slípun spörslun og munstrun	
	Plast líming	
10	Frágangur og skil á skýrslu/Dagbók	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.